

7/1
Alþingi
Eriundi nr. Þ 127/1251
komudagur 18. 03. 2002

Umhverfisnefnd Alþingis
Helga Þórisdóttir
nefndarritari
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13. mars 2002
2002030002/016-1
ÆP

Frumvarp til laga um verndun hafs og stranda

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur mótttekið bréf dagsett 27. febrúar 2002 þar sem beðið er um umsögn um ofangreint frumvarp. Helstu athugasemdir sem stofnunin gerir við frumvarpsdrögin eru eftirfarandi.

1. gr.:

Lagt er til að greinin hljóði svo: „Markmið laga þessara er að vernda hafið og strendur landsins gegn mengun og athöfnum sem stofnað geta heilbrigði mann í hættu, skaðað lífríki, aðrar auðlindir eða aðra þætti í umhverfis hafsins”.

Ní telur alsendis óeðlilegt að greina á milli lifandi auðlinda hafsins og lífríkis. Hér er um eitt og hið sama að ræða og greinilegt er að frumvarpið er samið af lítilli kunnáttu í almennri líffræði.

Truflun á lögmætri nýtingu hafs og stranda er algerlega úr takt við önnur ákvæði frumvarpsins sem fjallar um verndun hafs og stranda og leggur stofnunin til að þessi setning verði felld út.

3. gr. liður 10:

Hér er skilgreint hugtakið „Mengunarlögsaga Íslands” og í því sambandi er vísað til laga um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

Tilgangurinn með þessu hugtaki er óljós og virðist alls óþarfi að brydda á því. Bæði landhelgi og efnahagslögsaga eru skilgreind í lögum nr. 41/1979 og er „mengunarlögsögu” ætlað að ná yfir sama svæði. Einn smámunur er þó á, því „mengunarlögsögu” er ætlað að teygja sig upp í „efstu jarðlög” sem er í ósamræmi við „efstu flóðamörk” eins og einnig kemur fram í skilgreiningu. Lagt er til að þetta nýja hugtak verði fellt út úr orðskýringum og texta breytt annars staðar þar sem það kemur fyrir. Það virðist einungis vera notað til þess að koma því á að um sé að ræða eitthvað annað svæði en landhelgi og efnahagslögsögu en eykur aðeins hættu á ruglingi.



Hugtakið „mengunarlögsaga“ er einnig óeðlilegt í ljósi þess að markmið laganna er að vernda hafið og strendur gegn „athöfnum sem stofnað geta heilbrigði manna í hættu, skaðað lifandi auðlindir hafsins og raskað lífríki þess, spillt umhverfinu ...“ (1. gr.) auk mengunar. Hér er um margfalt fleiri þætti að ræða en mengun eina og sér.

3. gr. liður 21:

Taka út „breytilegra“ enda er vöktun fólgin í því að mæla eða meta breytileika þátta í umhverfinu.

Hér er um að ræða óþarfa endurtekningu (tautológíu) því allir umhverfisþættir eru í eðli sínu breytilegir.

5. gr. 4. lína:

Meinlega villa hefur skotist inní textann, þar sem stendur „eiga“ en á væntanlega að vera „heyra“.

8. gr. (og 6. gr.):

Greinin fjallar um bann við losun í hafið en virðist eingöngu taka til landhelginnar eða 3 sjómíflur frá henni (reyndar óljóst hvort átt er við frá landi eða til lands). Ekki er hægt að álykta annað en að megi losa olíu, lýsi, grút eða önnur fljótandi efni á hafsvæðunum utan þessarar marka. Losun slíkra efna ætti ekki að vera leyfileg innan íslenskrar efnahagslögsögu.

Ennfremur kemur fyrir hugtakið „innsævi“ sem er skilgreint í orðskýringum (3. gr.). Sýnist vera alls ástæðulaust að nota og skilgreina þetta hugtak enda er það ekki notað annars staðar í 8. gr. heldur talað um landhelgi og er innsævi skilgreint sem hafsvæðið innan landhelginnar.

Ef meiningin er að setja reglugerð um hafsvæðið utan þriggja sjómílna frá landhelgi (sbr. a-lið 6. gr.) þá er mikilvægt að texti þaraðlútandi sé í 8. gr. og að hún fjalli ekki einungis um innan þriggja mílna frá landhelgi og hvergi um allt hafsvæðið þar fyrir utan.

Almennar athugasemdir:

Náttúrufræðistofnun Íslands átelur að í frumvarpsdrögunum sé lítið fjallað um annað en mengun þrátt fyrir að lögin eiga að fjalla um verndun hafs og stranda og þar á meðal um „lifandi auðlindir“ og „lífríki“, eins og getið er í markmiðum frumvarpsins (1. gr.). Svo virðist sem lítill skilningur sé á því hvers vegna nauðsynlegt er að hamla gegn mengun hafsins. Hin yfirgnæfandi ástæða er að vernda lífríki hafsins. Því skýtur skökku við að lífríkið sé varla til umræðu og engin ákvæði inni sem taka til gagnaöflunar, mats á verndargildi og annarri nauðsynlegri upplýsingaöflun til verndar lífríki sjávar.

Sem dæmi má nefna að í 4. gr. er Hollustuvernd ríkisins ætlað að „sjá um að vöktun vegna mengunar hafs og stranda sé framkvæmd“. Ef um er að ræða raunverulega vöktun felur hún ekki einungis í sér vöktun á menguninni sjálfri heldur einnig lífríkinu. Þar koma til greina fleiri opinberar stofnanir s.s. Hafrannsóknastofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands. Greinilegt er að þessir aðilar eiga ekkert að koma að málum nema að frumkvæði Hollustuverndar og alfarið háð ákvörðun hennar.

Einn þáttur er ekki nefndur á nafn sem er hvað er til ráða varðandi lífríki ef mengunarslys á sér stað. Sem dæmi má nefna fugla sem lenda í mengun. Hlutverkaskipan opinberra aðila þegar slík slys ber að höndum er í engu skilgreind og það mun valda ýmsum vandkvæðum þegar til kastana kemur. Dauðir eða hálfdauðir fuglar sem koma á fjörur í stórum stíl vekja ætíð sterk viðbrögð í þjóðfélaginu og því er mikilvægt að vel sé skilgreint hvernig eigi að bregðast við og hverjir eigi að vinna saman að lausn mála.

Frumvarpið fjallar nær einvörðungu um mengun eftir að markmiðsgreininni (1. gr.)



lýkur. Ekkert er fjallað um dýpkunarframkvæmdir, efnisnám, fyllingar, umferð, hafnargerð, byggingar mannvirkja, breytingar á náttúrulegum setflutningum, námugróft, veiðar með botnveiðarfærum, o.s.frv. Þessir þættir eru nefndir hérna því þeirra er getið í framkvæmdaáætlun um varnir gegn mengun sjávar frá landi (í kafla um áhrif á búsvæði lífvera) sem umhverfissráðuneytið gaf út rétt fyrir júl 2001. Annað hvort er að takmarka frumvarpið við mengun sem yrði þá skilgreind rækilega eða breyta því og fjalla í raun og veru um þá þætti aðra sem markmiðsgreinin felur í sér og gefið er til kynna í heiti frumvarpsins.

Þrír mikilvægir aðjóðasamningar fjalla vernd lífríkis hafsins og leggja margvíslegar skyldur á herðar okkur því til verndar. Árið 1993 samþykkti Ísland Bernarsamninginn sem fjallar m.a. um lífsvæði dýra. Árið 1994 var Rfó-samningurinn um líffræðilega fjölbreytni staðfestur á Alþingi. Árið 1997 staðfesti Alþingi OSPAR-samninginn um vernd NA-Atlantshafs og svo viðbót við hann um líffræðilega fjölbreytni árið 2001. Á grundvelli þessarra samninga er m.a. verið að fjalla um samhæfða áætlun um vernd stranda. Óhjákvæmilegt er annað en að taka mið af þeirri áætlanagerð og öðrum atriðum í þessum samningum við nýja lagasmíð um verndun hafs og stranda. OSPAR-samningurinn, svo eitthvað sé nefnt, gerir ráð fyrir að tekið sé saman yfirlit um framkvæmdir sem hefur áhrif á vistkerfi og líffræðilega fjölbreytni. Ofangreint frumvarp tekur t.d. ekkert á þessum málum. Fyrsti liðurinn í framkvæmdaáætlun OSPAR-samningsins fyrir tímabilið 1998-2003 fjallar um friðun og vernd vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni. Þar er m.a. gert ráð fyrir að taka saman lista yfir tegundir og búsvæði í hættu, hvaða tegundir og búsvæði þarfa að friða, setja fram áætlanir um vernd tegunda í sjónum, o.s.frv. Á engu af þessu er tekið í frumvarpinu um verndun hafsins og stranda. Hér er um verulega brotalöm að ræða sem þarf að laga.

Virðingarfyllst,



Evar Petersen

